

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, Vinnumálastofnun, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Félagsleg ráðgjöf skal standa umsækjanda til boða, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 13. gr. reglna þessara. Skal þjónustan miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustunnar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fjárhagsaðstoð er veitt í formi framfærslustuðnings eða tilboðs um starf eða virkniúrræði. Tilgangur aðstoðar er að:

1. Styðja einstaklinga sem aðstoðar njóta til sjálfsbjargar.
2. Gera þeim kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar.
3. Stuðla að valdeflingu þeirra.

2. gr.

Framfærsluskyllda og fjárhagsaðstoð.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Skilyrði fyrir greiðslu fjárhagsaðstoðar er að einstaklingur dvelji á Íslandi og þiggi ekki stuðning eða sæki vinnu í öðru landi. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hún hugsuð sem stuðningur við einstakling eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

3. gr.

Fjárhagsaðstoð og heimild til lækkunar.

Sé umsækjandi vinnufær skal fjárhagsaðstoð alla jafna veitt sem tilboð um tímabundið launað starf eða virkniúrræði samhliða fjárhagsstyrk. Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi tilboðs um tímabundið starf, skulu kjarasamningsbundin laun að teknu tilliti til starfshlutfalls aldrei vera lægri en grunnframfærsla skv. 11. gr. reglna þessara.

Hafni umsækjandi atvinnu eða virkni, eða hafi sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða honum allt að hálfri upphæð framfærslustyrks hans skv. 11. gr. þann mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði svo og tvo mánuði þar á eftir.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki sýnir fram á virka atvinnuleit án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Að loknu allt að þriggja mánaða skerðingartímabili skv. 2. mgr. er heimilt að bjóða einstaklingi starf eða virkniúrræði á ný. Hafni einstaklingur starfi eða úrræði að loknu skerðingartímabili, er heimilt að greiða honum allt að hálfri upphæð framfærslustyrks með sama hætti þann mánuð sem hann hafnar vinnu eða úrræði svo og fimm mánuði þar á eftir.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt í formi styrkja. Aðstoð skal einungis veitt sem lán þegar könnun á aðstæðum umsækjanda með tilliti til eigna og framtíðartekna leiðir í ljós að hann muni fær um að endurgreiða lánið eða ef um er að ræða að umsækjandi bíði afgreiðslu á bótum eða lífeyri frá öðrum opinberum aðilum sem hann á rétt til, svo sem frá Tryggingastofnun, Vinnuálastofnun eða lífeyrissjóðum. Skal að öllu jöfnu gerður samningur um lánið með aðkomu lánastofnunar.

Við endurkröfu lánsins skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða. Lán skal eingöngu veitt þeim umsækjendum sem hafa ekki lánstraust hjá lánastofnunum.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal allajafna vera greidd einn mánuð í senn.

Móttaka umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu ákvarðar fyrir hvaða mánuð umsókn gildir.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

8. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði í þjónustuveri, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal vísa gildu persónuskilríki með mynd.

Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð til framfærslu í fyrsta skipti eða þegar liðnir eru sex mánuðir frá því síðast var sótt um fjárhagsaðstoð til framfærslu er umsækjanda skylt að sanna á sér deili með því að mæta í þjónustuver og sýna gild persónuskilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun.

Vakni rökstuddur grunur um að umsækjandi dvelji ekki á Íslandi er heimilt að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að mæta í þjónustuver Hafnarfjarðarkaupstaðar og sýni gild persónuskilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Litið er á þá kröfu af hálfu fjölskyldu- og barnamálasviðs um að sanna á sér deili sem hluta af virkni umsækjanda um fjárhagsaðstoð.

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, staðgreiðsluskrá RSK, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, atvinnurekanda, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa tilskildum gögnum frá Vinnumálastofnun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða sérfræðilækni sem annast mál einstaklingsins. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram. Ótímabundið læknisvottorð gildir að hámarki í þrjá mánuði frá dagsetningu vottorðs. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, eða sætir biðtíma hjá Vinnumálastofnun hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar getur myndast í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Fjölskylduráð getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og tryggingafélögum. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita fjölskylduráði eða starfsmönnum þess upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt fjölskylduráði og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambylingur peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafa nýlega selt eignir sínar skal honum vísað á lánaþyrngreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.**Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

10. gr.

Mat á fjárförf.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Grunnfjárhæðir.

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og breytist 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu neysluverðs.¹

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 265.271 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 424.433 kr. (265.271 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 212.217 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 132.635 kr. (265.271 : 2).

Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á fristundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til mennta og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Veita skal þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfelld sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð skv. reglunum.

Heimilt er að greiða foreldrum sem njóta fjárhagsaðstoðar sérstakan styrk vegna fermingar barna. Fjárhæð fermingarstyrkja skal taka mið af viðmiðunarfrjárhæðum dómsmálaráðuneytisins í leiðbeiningum til sýslumanna vegna krafna um sérstök framlög.

¹ Upphæðir í þessari grein taka mið af vísitölu neysluverðs fyrir árið 2026.

12. gr.

Tekjur umsækjanda.

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum þar á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila s.s. atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur; greiðslur frá Tryggingastofnun, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarféлага, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, mæðra- og feðralaun og framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga, nr. 76/2003, sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Heimgreiðslur frá Hafnarfjarðarkaupstað koma til frádráttar við útreikning fjárhagsaðstoðar skv. 11. gr. reglna þessara.

Meðlag og barnabætur teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna barna við mat á fjárþörf.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

13. gr.

Félagsleg ráðgjöf og samráð.

Kanna skal sérstaklega aðstæður umsækjanda sem fengið hefur fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði. Samhliða skal veita félagslega ráðgjöf, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Gera skal einstaklingsáætlun þar sem hafa skal samvinnu og samráð að leiðarljósi, sbr. 8. gr. og 58. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sérákvæði.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem lánshæft er hjá Menntasjóði námsmanna njóta að öllu jöfnu ekki réttar til fjárhagsaðstoðar skv. III. kafla reglna þessara.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

16. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna náms 16 og 17 ára barna.

Heimilt er að veita foreldrum með tekjur undir grunnfjárhæð fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

17. gr.

Námsstyrkir.

Heimilt er að veita styrk til einstaklinga sem hafa til langs tíma búið við erfiðar félagslegar aðstæður og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla. Gera skal einstaklingsáætlun þar sem fram koma markmið, hvernig skuli haga námi, skilum á skólasókn, námsframvindu og einkunnum. Að jafnaði skal miða við 80% mætingu. Samþykktir varðandi skólalækingar skulu teknar fyrir hverja önn, þannig að aðstoð greiðist áfram þegar námsárangur er metinn og umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu ásamt almennum skólagjöldum og bókakostnaði. Heimilt er að veita samþykki fyrir fjarnámi ef veigamikil rök eru fyrir því að umsækjandi geti ekki stundað staðnám.

Menntunarframlag og/eða barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar sem umsækjandi kann að fá, reiknast honum til tekna.

Leggja skal inn umsókn um námsstyrki fjórum vikum áður en nám hefst.

18. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga á Íslandi til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir grunnfjárhæð og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a. hafa átt við langvarandi atvinnuleysi eða veikindi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b. hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samkvæmt reglum þessum í samtals 12 mánuði á síðastliðnum 18 mánuðum. Þá er heimilt að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga barna þeirra foreldra sem uppfylla sömu skilyrði.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum með tekjur við eða undir grunnfjárhæð undangengna fjóra mánuði í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum fagaðilum með lögvernduð starfsheiti og siðareglur ef það er liður í umfangsmeiri aðstoð og fyrirsjáanlegt að ekki sé unnt að veita þjónustuna innan fjölskyldu- og barnamálasviðs eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a. einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- b. einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki fimm tíma í senn og að hámarki tíu tíma á 12 mánaða tímabili. Heimilt er að kalla eftir umsögn fagaðila og meta þörf á frekari sérfræðiaðstoð.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykktardegi.

19. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 250.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest afrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum og staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignaleysisyfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar forsjáraðilar geta ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og ein fjölskyldubifreið.

Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og ein fjölskyldubifreið.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykktardegi.

20. gr.

Áfallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a. vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,
- b. þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi. Skilyrði er að lögð séu fram gögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þar að lútandi.

21. gr.

Ábyrgðaryfirlýsingar vegna tryggingar húsaleigu.

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 800.000 kr. til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan. Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika. Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum. Skilyrði 22. gr. reglna þessara skulu vera uppfyllt sé veitt aðstoð samkvæmt þessu ákvæði. Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán. Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykktardegi.

22. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu undangengna sex mánuði eða lengur lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, enda sé leitast við að afla upplýsinga um:

- a. hvort umsækjandi eigi möguleika á lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b. hvort umsækjandi hafi leitað til Umboðsmanns skuldara eða annars og að fyrir liggi yfirlit um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á,
- c. hvort fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Ekki er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk né lán til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

23. gr.

Sérstakar heimildir.

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til einstaklinga með tekjur um eða við viðmiðunarmörk þar sem verið er að veita markvissan stuðning og þátttöku. Aðstoðin miðar að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með úrræðum og/eða stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum. Liggja skal fyrir einstaklingsáætlun og þegar á við endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun.

Heimilt er að greiða gjald fyrir einstakling sem dvelur á meðferðarheimili á Íslandi vegna áfengis- og/eða vímuefna meðferðar.

V. KAFLI

Málsmeðferð, sbr. ákvæði stjórnýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

24. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef fjölskylduráði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Ákvörðun í máli skal tekin svo fljótt sem unnt er og jafnframt séð til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

25. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

26. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Starfsfólk og fulltrúar í fjölskylduráði er bundið þagnarskyldu. Starfsfólki er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki

viðkomandi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirbyggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

27. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið fjölskyldu- og barnamálasviðs, skal starfsfólk í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

28. gr.

Niðurstæða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

29. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur fjölskyldu- og barnamálasvið endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

30. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs.

31. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Þar sem starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskylduráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

32. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

33. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar eru með stoð í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði 28. apríl 2026 og í bæjarstjórn 6. maí 2026 og öðlast gildi 15. júní 2026. Jafnframt falla úr gildi reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 595/2022.

Hafnarfirði, 20. maí 2026.

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

B deild - Útgáfudagur: 4. júní 2026